

Ísafjörður 16. mars 2016

**Greinargerð vegna umsóknar um leyfi til daggæslu barna.**

Þórdís Magnúsdóttir kt: 210491-2879, Brautarholti 7, 400 Ísafirði sækir um leyfi til daggæslu barna í heimahúsi hjá Ísafjarðarbæ. Þórdís hefur starfað á leikskólanum Mánagarði í Reykjavík í nokkur ár, en hætti sl. haust þegar hún fór í fæðingarorlof.

Þórdís hefur skilað inn þeim vottorðum sem þarf þ.e. sakavottorði og heilbrigðisvottorði, en hún bíður eftir því að slökkviliðið taki út brunavarnir á heimilinu hjá henni.

Þann 16. mars s.l. fór ég og skoðaði húsnæðið og hentar það vel til daggæslu. Hún er með rúmgóða leikaðstöðu fyrir börnin, eldhúsið er einnig rúmgott og nóg pláss þar fyrir börnin í matartímum.

Útiaðstaðan er einnig fín m.a með afgirtum stórum palli.

Af þeim upplýsingum sem fylgja umsókninni, viðtali við Þórdísi tel ég hana vel hæfa til að sinna daggæslu barna frá 6 mánaða aldri, allt að fjórum börnum samtímis og ekki fleiri en tveimur undir eins árs aldri til reynslu í eitt ár, að þeim tíma liðnum skal endurnýja leyfið, samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005.

Undirrituð mælir með að henni verði veitt leyfið frá og með 1. apríl 2016, með fyrirvara um að brunavarnir séu í lagi.

Virðingarfyllst,

Margrét Halldórsdóttir  
Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs